



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um íslenskunámskeið fyrir erlenda leikskólastarfsmenn

Á fundi borgarráðs 31. október 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Tillaga um að verðandi starfsmenn leikskóla sem ekki tala íslensku sæki eitt íslenskunámskeið um það leyti sem þeir hefja störf. Flokkur fólksins leggur til að verðandi starfsmenn leikskóla sem ekki tala íslensku sæki námskeið í íslensku áður eða stuttu eftir að þeir hefja starf. Það er erfitt fyrir starfsmann að byrja á vinnustað ef þeir eiga erfitt með að tjá sig og skilja hvað sagt er. Hluti af aðlögun nýs starfsmanns sem er af erlendu bergi brotinn ætti því að vera íslenskunámskeið. Skóla- og frístundasvið ber ávallt að reyna að tryggja að starfsmönnum líði vel í vinnunni og liður í því er að þeir sem ekki tala málið fái íslenskunámskeið. Hlutfall erlendra leikskóla starfsmanna er hátt hér á landi og menntunarstig þeirra sem vinna á íslenskum leikskólum er lægra en annars staðar. Þetta er meðal þess sem kom fram í niðurstöðum TALIS-rannsóknarinnar þar sem starfshættir á leikskólum hér á landi, í Síle, Þýskalandi, Danmörku, Noregi, Kóreu, Tyrklandi og Ísrael voru kannaðir. Í könnuninni voru ýmsar spurningar lagðar fyrir starfsfólk leikskóla og leikskólastjóra. Meðal þess sem þar kom fram var að Ísland er það land þar sem hlutfallslega flestir leikskólastarfsmenn eru fæddir í öðru landi. Hlutfallið er 13,56% hér á landi, en til samanburðar er það 6,9% í Þýskalandi og 12,3% í Noregi.

Ljóst er að íslenskukunnátta starfsmanna í starfsemi leikskóla Reykjavíkurborgar er mikilvæg. Í dag stendur öllum erlendum starfsmönnum í leikskólum til boða íslenskukennsla og eru stjórnendur hvattir til að veita þeim sveigjanleika til að sækja námskeiðin. Notað er stöðumat til að kanna íslenskukunnáttu þátttakenda með það í huga að meta hvaða námskeið hentar hverjum og einum. Stöðumat er notað fyrir alla starfsmenn skóla- og frístundasviðs sem sækja íslenskunámskeiðin.

Á árunum 2012-2019 sóttu 190 starfsmenn skóla- og frístundasviðs íslenskunámskeið á vegum Reykjavíkurborgar.

Íslenskunámskeið hafa verið keypt frá fræðslufyrirtækjum eins og t.d. Mími. Nú hefur verið stofnað stöðugildi í mannauðsdeild Reykjavíkurborgar sem hefur með mannauð tilgreindra starfsmanna að gera. Skóla- og frístundasvið tekur þátt í kostnaði vegna þessa.

Miðja máls og læsis er þekkingarteymi ráðgjafa sem fara út á starfsstaði skóla- og frístundasviðs og veita m.a. starfsfólki stuðning, ráðgjöf og fræðslu. Í teyminu eru m.a. tvítyngdir ráðgjafar eða brúarsmiðir sem sérhæfa sig í þjónustu við þá sem eru með íslensku sem annað tungumál.

Stjórnendur leikskóla hafa í auknum mæli kallað eftir ráðgjöf og auknum stuðningi varðandi íslenskukennslu fyrir starfsfólk af erlendum uppruna auk fræðslu um samskiptamál og faglega fræðslu um uppeldi, menningu og starfsaðferðir í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið lét framkvæma óformlega könnun á meðal stjórnenda í leikskólunum í því skyni að kortleggja fjölda starfsmanna af erlendum uppruna. Samkvæmt þeim niðurstöðum eru um 300 manns af erlendum uppruna sem starfa á leikskólum borgarinnar. Í framhaldi af þeirri könnun fékk skóla- og frístundasvið fyrirtækið Framvegis til að framkvæma þarfagreiningu á fræðslu- og símenntunarpörf meðal starfsmanna af erlendum uppruna. Í þarfagreiningunni var rætt við stjórnendur, leikskólastjóra og deildarstjóra, og sjö mismunandi markhópa sem í sátu starfsmenn af erlendum uppruna.

Það getur verið einstaklingsbundið hvenær hentar að hefja íslenskunámskeið þegar starfsmaður byrjar á nýjum vinnustað og mikilvægt að finna út hvað hentar best, bæði fyrir starfsmanninn og vinnustaðinn. Þá er mikilvægt að hafa í huga sveiganleika, að hægt sé að fara mismunandi leiðir við íslenskukennslu og fræðslu um leikskólamál.

Framvegis skilaði skýrslu um Fræðslugreiningu á haustdögum 2019. Vinnuhópurinn vinnur nú að frekari greiningu á niðurstöðum og tillögum að aðgerðum. En markmiðið er einmitt að skoða með hvaða hætti best er að koma íslenskukennslunni til skila.